# Viðtalsþættir vegna mats á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra rekstraraðila sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands metur hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra rekstraraðila sérhæfðra sjóða í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA (EBA/GL/2021/06) um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, útlista nánar kröfur um þekkingu, hæfni og reynslu sem framkvæmdastjórar og stjórnarmenn eiga að búa yfir. Í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), er nánar kveðið á um hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og er gagnlegt að hafa þau tilmæli til hliðsjónar. Það er hins vegar mikilvægt að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í hugsun og hafi hæfni til að meta, gagnrýna og hafa eftirlit með ákvarðanatöku í daglegri starfsemi.

Í viðtali kannar fjármálaeftirlitið þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna og framkvæmdastjóra varðandi helstu efni sem tengjast hlutverki þeirra og ábyrgð og byggir mat sitt meðal annars á upplýsingum sem þar koma fram.

Hér að neðan eru talin upp efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins. Ekki er um tæmandi viðtalsþætti að ræða. Neðst í skjali þessu má að auki finna leslista og ítarefni sem unnt er að styðjast við, við undirbúning viðtalsins.

## I. Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

1. Fjármálamarkaður
    - Helstu réttarheimildir sem gilda um starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Sérstaða rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Þekking á starfsemi þess félags sem viðtal snýr að
    - Eigna- og áhættustýring
    - Helstu áhættur í starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Áhrif alþjóðareglna og alþjóðlegs samstarfs á starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Hlutverk, ábyrgð og starfsemi fjármálaeftirlitsins

2. Stjórn, stjórnarhættir og ábyrgð stjórnar
    - Stjórnskipulag rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Hæfisskilyrði stjórnarmanna rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanns
    - Helstu verkefni og skyldur stjórnar rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Starfsreglur stjórnar
    - Helstu stefnur í starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða

3. Innra eftirlit
    - Innra eftirlit rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Hlutverk stjórnar í fyrirtækja- og áhættumenningu
    - Þrjár varnarlínur innra eftirlits
    - Hlutverk og ábyrgð innri endurskoðunar
    - Hlutverk stjórnar í áhættustýringu
    - Hlutverk og ábyrgð starfssviðs áhættustýringar
    - Hlutverk regluvörslu

4. Reikningsskil og endurskoðun
    - Rammi fyrir gerð og framsetningu reikningsskila
    - Lög og reglur sem tengjast ársreikningum rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sjóðum í rekstri þeirra
    - Helstu alþjóðlegir reikningsstaðlar sem tengjast reikningsskilum rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Helstu aðferðir við mat eigna og helstu álitamál sem geta komið upp
    - Ábyrgð og eftirlit með reikningsskilum og endurskoðun
    - Hlutverk ytri endurskoðanda

5. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Sjálfstæði stjórnarmanna
  - Óhæði
  - Sjálfstæði í hugsun
  - Ákvörðunartaka
- Háttsemi og heilindi
- Hagsmunaárekstrar
- Hagsmunatengsl og vanhæfi
- Hæfni til að gegna starfi stjórnarmanns
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskylda

**II. Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi framkvæmdastjóra í rekstraraðilum sérhæfðra sjóða**

1. Fjármálamarkaður

   - Helstu réttarheimildir sem gilda um starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Sérstaða rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Þekking á starfsemi þess félags sem viðtal snýr að
   - Viðskiptalíkan
   - Helstu áhættur í starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Áhrif alþjóðareglna og alþjóðlegs samstarfs á starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Hlutverk, ábyrgð og starfsemi fjármálaeftirlitsins

2. Stjórn, stjórnarhættir og ábyrgð stjórnar

   - Stjórnskipulag rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna
   - Hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra
   - Helstu verkefni og skyldur framkvæmdastjóra
   - Helstu stefnur í starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Sjálfstæði í störfum

3. Innra eftirlit

   - Innra eftirlit rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Hlutverk framkvæmdastjóra í fyrirtækja- og áhættumenningu
   - Þrjár varnarlínur innra eftirlits
   - Hlutverk og ábyrgð innri endurskoðunar
   - Hlutverk framkvæmdastjóra í áhættustýringu
   - Hlutverk og ábyrgð starfssviðs áhættustýringar
   - Hlutverk regluvörslu

4. Reikningsskil og endurskoðun

   - Rammi fyrir gerð og framsetningu reikningsskila
   - Lög og reglur sem tengjast ársreikningum rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sjóða í rekstri þeirra
   - Helstu alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum rekstraraðila sérhæfðra sjóða
   - Helstu aðferðir við mat eigna og helstu álitamál sem geta komið upp
   - Ábyrgð og eftirlit með reikningsskilum og endurskoðun
   - Hlutverk ytri endurskoðanda

5. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

    - Háttsemi og heilindi
    - Hagsmunaárekstrar
    - Hagsmunatengsl og vanhæfi
    - Hæfni til að gegna starfi framkvæmdastjóra
    - Samfélagsleg ábyrgð

**Viðauki** I

Leslisti

- Lög nr. 2/1995 um hlutafélög
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
    - Reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki
    - Reglur nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga
    - Viðeigandi alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
- Lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða
    - Reglugerð um gildistöku reglugerðar nr. 231/2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit
- Lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði
    - Reglugerð um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vefsetri
    - Reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags)
    - Reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf
    - Reglugerð nr. 976/2021 um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vöruþróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings
    - Reglugerð um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/438 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila
    - Reglur nr. 1240/2020 um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraaðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
    - Reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
    - Reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka
    - Reglugerð nr. 105/2020 um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
    - Reglugerð nr. 70/2019 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

- Lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum
    - Reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum
- Lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga
- Lög nr. 6/2023 um peningamarkaðssjóði
- Lög nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf
- Viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (EBA/GL/2021/06)
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2015 um lykilupplýsingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila

**Ítarefni**

- Viðeigandi lög, reglugerðir og reglur sem gilda um starfsemina, auk leiðbeinandi tilmæla fjármálaeftirlitsins og viðeigandi EBA, ESMA og EIOPA viðmiðunarreglur sem finna má á heimasíðu fjármálaeftirlitsins
- Spurt og svarað, túlkanir og gagnsæistilkynningar á heimasíðu fjármálaeftirlitsins
- Siðfræði og samfélagsábyrgð eftir Øyvind Kvalnes

Uppfært í febrúar 2024